

Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík, 21. mars 2024  
UST202403-013/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám í landi Grundar í Svarfaðardal.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám í landi Grundar í Svarfaðardal.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir efnistöku í Svarfaðardalsá í landi Grundar, sem er forsenda framkvæmdaleyfis. Fyrirhuguð efnistaka er um 20.000 m<sup>3</sup> á um 3,1 ha í farvegi árinna.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027 í greinargerð. Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt skal við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Með aðalskipulagi er sveitarfélagið að leggja drög að eigin leyfisútgáfu. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar.

Fyrirhuguð efnistaka er í farvegi Svarfaðardalsár, eða innan vatnshlotsins Svarfaðardalsár 2 (102-1804-R)<sup>1</sup>. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru *mjög gott* vistfræðilegt ástand og *gott* efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlots ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

---

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1804-R>

Í greinargerð skipulagsbreytingarinnar þarf því að fjalla um ofangreint vatnshlot sem framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þess. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert núverandi ástand þess er. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inni á vatnavefsja Umhverfisstofnunar.<sup>2</sup>

Umhverfisstofnun bendir á að Svarfaðadalsá er innan marka Friðlandsins í Svarfaðadal og er straumvatnið á lista yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 15. gr. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í skránni skal m.a. tilgreina vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi, svo og vistkerfi sem tengjast þeim að vatnabúskap, ásamt svæðum sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns.

Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Breytingar á skipulaginu eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Framkvæmdir (t.d. efnistaka) mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti en slíkar breytingar geta valdið hnignun á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins. Fjarlæging á efni (set og möl) úr straumvatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti (t.d. rennsli, dýpi, botngerð, samfellu eða svifaur) og þar af leiðandi neikvæð áhrif á líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðapætti, bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Að auki vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að umferð vinnuvéla á svæðinu og við vatnshlotið eykur hættu á mengunarslysum.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að efnistakan hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin (líffræðilega, vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti) og hvort hún muni hafa áhrifa á umhverfismarkmið vatnshlotsins. Slíkt áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en gefið er út framkvæmdaleyfi fyrir efnistökkunni.

Slíkt áhrifamat þarf að fjalla á skýran hátt um:

- Tilgang með matinu, þ.e. að það sé unnið til að meta áhrif starfsemi/framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Stöðu og möguleg áhrif á vatnshlotin sem um ræðir (óflokkað/flokkað). Fjalla þarf bæði um bein og óbein áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot. Einnig þá gæðapætti í yfirborðsvatni sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti (sjá vatnaáætlun og [www.vatn.is](http://www.vatn.is)).
- Að gerð verði áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast.
- Umhverfismarkmið og hvort þau munu nást eða ekki.

- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hættu á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið mun ekki ná umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.

Meta þarf hvaða gæðabættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra. **Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.** Að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála er hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti í samræmi við sömu grein laga um stjórn vatnamála.

### **Friðland Svarfdæla**

Umhverfisstofnun bendir á að Friðland í Svarfaðardal, sem í daglegu tali er nefnt Friðland Svarfdæla, var friðlýst af frumkvæði landeigenda árið 1972 og nær það yfir einstakt votlendissvæði sem er varplendi fjölmargra fuglategunda við neðanverða Svarfaðardalsá. Svæðið er um 540 ha. að stærð.<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að metin séu áhrif framkvæmdanna á friðlandið. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymistjóri**

---

3

[https://ust.is/library/sida/Nattura/Stj%c3%b3rnunar%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20-%20Fri%c3%b0land%20Svarfd%c3%a6la\\_undirrita%c3%b0.pdf](https://ust.is/library/sida/Nattura/Stj%c3%b3rnunar%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20-%20Fri%c3%b0land%20Svarfd%c3%a6la_undirrita%c3%b0.pdf)

# Umsögn Veiðifélags Svarfaðardalsár um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008- 2020 vegna áforma um efnisnám úr Svarfaðardalsá í landi Grundar

Stjórn Veiðifélags Svarfaðardalsár vill koma eftirfarandi athugasemdum við skipulagslýsinguna á framfæri:

1. Í kafla 2 í skipulagslýsingunni segir meðal annars:

*"Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir efnistöku í Svarfaðardalsá í landi Grundar, sem er forsenda framkvæmdaleyfis. "*

Stjórn Veiðifélagsins gerir alvarlegar athugasemdir við allt orðalag sem vísar til efnistöku "í Svarfaðardalsá" eða "úr Svarfaðardalsá" í skipulagslýsingunni. Í leyfi Fiskistofu vegna efnistökkunnar eru skýrt afmarkaðar, með gulu, eyrar sem skilgreindar eru sem það efnistökusvæði sem leyfið nær til. Enginn hluti árinna sjálfrar er þar tilgreindur sem leyfilegt efnistökusvæði. Stjórnin krefst þess að skýrt verði tekið fram í sérákvæði um efnistökusvæðið að ekki skuli fara fram neinskonar efnistaka í straumvatni árinna og að ekki verði hróflað við rennsli hennar á nokkurn hátt, hún stífluð, girt fyrir rennsli um kvíslar hennar, eða hún færð til úr þeim farvegi sem hún sjálf hefur valið sér hverju sinni. Allt rask á rennsli árinna og færsla hennar, skaðar allt það lífríki sem áður var til staðar á því svæði sem þurrkað er upp. Ennfremur vill stjórnin taka fram að enginn tími

ársins er betri en annar þegar kemur að því að eyðileggja búsvæði hrognu og seiða. Hrognin eru grafin í mölina á árbotninum og liggja þar fram undir vor, þegar þau klekjast út. Seiði af eldri árgöngum eru einnig í ánni allan veturinn og halda sérstaklega til á þeim svæðum sem sótt er í vegna malartöku. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá 2011 um efnisnám og efnistökmöguleika á Eyjafjarðarsvæðinu, segir meðal annars:

"Helstu malarsvæðin í vatnakerfi Svarfaðardalsár eru flatir eyrakaflar sem eru jafnframt mjög mikilvægir fyrir uppeldi bleikjuseiða og af þeim ástæðum er efnistaka þar almennt óæskileg"

Á vefnum Námur.is sem Umhverfisstofnun og fleiri stofnanir standa að segir meðal annars um efnistöku úr ám:

"Bestu hrygningarsvæðin og mesta þéttleika laxfiskaseiða í ám er gjarnan að finna á búsvæðum, sem einkum er sótt í til efnistöku."

og ennfremur segir á sama stað:

"Efnistaka í ám getur haft áhrif á framleiðslu ána og einnig er þekkt að efnistaka getur leitt til breytinga á farvegum m.a. á veiðistöðum. Veiði í ám er einn af þeim meginþáttum sem liggja til grundvallar verðmætamats á veiði og því áriðandi að efnistaka spilli hvorki uppeldisskilyrðum né aðstöðu til veiða."

Í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 sem staðfest var af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þann 4. apríl 2022, segir:

"Markmið laga um stjórn vatnamála er að: Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar"

Ljóst má vera að staðsetning efnistökusvæðis í árvatni samræmist engan veginn markmiðum þessara laga.

Í skýrslu um mat á áhrifum efnistöku vegna lagningar Blöndulínu 3 á lífríki í vatni, sem unnin var af Hafrannsóknarstofnun segir meðal annars á blaðsíðu 9 í skýrslunni:

"Líkt og framan er greint er það álit Hafrannsóknastofnunar að leita beri allra leiða til að efnistaka verði utan virkra vatnsfarvega, eða það fjarri þeim að ekki sé hætt á að vatn úr ám berist inn á efnistökusvæðið. Með því má draga verulega úr áhrifum efnistöku á lífríki í vatni. Þótt höfundar þessarar samantektar séu ekki sérfræðingar í efnisþörf eða gæði jarðefna lítur svo út að um mikla möguleika til efnisnáms sé að ræða utan árfarvega sem nýta má til áformaðra framkvæmda. Einnig er mun auðveldara að ganga frá námum á þurru landi en í vatni og endurheimta fyrri vistgæði. Rétt er að hafa í huga að þegar framkvæmdasvæði er í eða við straumvatn, getur raunverulegt áhrifasvæði þeirra náð langt út fyrir framkvæmdasvæðið, s.s. vegna gruggs og spilliefna sem geta

borist niður vatnsföllin og valdið tjóni langt frá framkvæmdastað.  
Sambærilegt getur átt við um efnisskrið og rof."

Ennfremur segir:

"Eins og fram hefur komið hvetur Hafrannsóknastofnun eindregið til þess að efnistaka verði sem fjærst ám til að draga úr áhrifum á lífríki í vatni."

2. Í skipulagslýsingunni segir á bls 4.

"Efnisnám í landi Grundar tengist efnisnámi í landi Bakka ofar í ánni"

Rúmlega kílómetur er á milli efnistökusvæðanna og eiga fjórar jarðir: Hof, Hofsá, Syðri-Grund og Ytra-Garðshorn, land að ánni á milli efnistökusvæðanna. Eigendur þessara jarða tengjast þessari efnistöku ekki að neinu leiti og er það því mjög undarleg fullyrðing að efnisnám í landi Grundar tengist með einhverjum hætti efnisnámi í landi Bakka.

3. Ennfremur segir á bls 4 í skipulagslýsingunni:

"Megin markmið þessara framkvæmda í Svarfaðardalsá er að minnka álagið á vatnsleiðslu, sem liggur undir ána í landi Bakka, og á þá varnargarða sem verja hana."

Óskiljanlegt er með öllu hvernig þessi klausa getur átt heima í skipulagslýsingu um efnistöku í landi Grundar, þar sem efnistökusvæðið liggur langt fyrir neðan þann stað þar sem vatnsleiðslan liggur yfir ána og mun ekki gera nokkurn skapaðan hlut til að minnka álagið á hana eða verja hana með nokkrum hætti.

4. Undir liðnum “Mótvægisáðgerðir og frágangur” á bls 4 í skipulagslýsingunni, segir:

“Rask á farvegi árinna er eingöngu utan veiðitíma ár hvert eða frá 15. október til 30. mars.”

Stjórn Veiðifélagsins gerir alvarlegar athugasemdir við þessa klausu í ljósi þess að í umsögn vegna efnistöku við Svarfaðardalsá frá 12. apríl 2023 sem unnin var af fyrirtækinu Fiskirannsóknunum, segir:

“Haust, september-nóvember. Mjög óheppilegur tími til framkvæmda á og við hrygningarlóðir. Þá fer hrygning fram og mikilvægt að sem minnst rask eigi sér stað. Fiskur er í tilhugalífi og leitar sér að hrygningarstöðum, uns hann parar sig og velur sér hrygningarstað. ”

Það að í texta skipulagslýsingarinnar segi að rask geti staðið frá 15. október, er því fullkomnlega óásættanlegt í ljósi þess að þá stendur hrygningartíminn yfir, og gildir það út nóvembermánuð. Vísar stjórn Veiðifélagsins aftur til þess sem fram kemur í 1. lið þessara athugasemda,



að enginn tími ársins er betri en annar þegar kemur að eyðileggingu búsvæða og lífríkis í ánni.

5. Undir liðnum “Forsendur“ á bls 5 í skipulagslýsingunni, segir eftirfarandi:

“Efnistökusvæði í árfarvegum geta að vissu marki talist endurnýjanleg auðlind. “

Þarna er verið að leggja upp með að styðjast við forsendu sem sett er fram með fádæma mikilli rörsýn. Eingöngu er horft til þess og áætlað, að ef tekin er mól, þá muni sennilega koma mól í staðinn. Vistkerfi árinna er algjörlega hundsáð og ekkert hugað að áhrifum út fyrir efnistökusvæðið, það er að segja áhrifum á aðra landeigendur sem eiga land að ánni örskammt ofar og neðar. Almennt hefur efnistaka úr árfarvegum áhrif á lífríki áa. Þegar grafin er gryfja í árbotn getur það leitt til þess að efnisskrið verði ofan efnistökusvæðis og getur varað þar til gryfja hefur jafnast og/eða ekkert laust efni er eftir. Samfara efnisskriði á árbotni verður röskun á búsvæðum og þar með lífríki sem getur náð upp alla fæðukeðjuna m.a. til fiska og fugla. Neðan efnistökuastaða getur vatn gruggast og truflanir orðið á rennsli meðan á efnistöku stendur. Grugg skyggir á ljós sem leiðir til minnkunar á frumframleiðslu og getur fint set sem grugginu fylgir einnig lagst yfir lífverur og búsvæði þeirra. Einnig getur grugg haft áhrif á veiðinýtingu, ekki síst ef efnistaka fer fram á veiðitíma (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996) “

Í 80.gr Vatnalaga segir:

“Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda og framkvæmdir í eða við vötn skal þess gætt að sem minnst röskun verði á vatni, gæðum

þess, vatnslegi, lífríki, vistkerfum eða landslagi. Einnig skal forðast að valda öðrum sem tilkall eiga til sama vatns tjóni eða óhagræði."

Svarfaðardalsá er sameign þeirra jarða sem land eiga að ánni. Það að moka mól upp úr árbotninum á mikilvægustu uppeldissvæðum árinna er óásættanlegt í öllu tilliti.

Stjórn Veiðifélags Svarfaðardalsár gerir að lokum kröfu um að eftirtalin atriði verði sett fram sem sérákvæði varðandi efnistökusvæðið í viðbót við það sem áður hefur komið fram:

- Að aðeins verði unnið að efnistöku úr eyrunum, (skilgreindum tókusvæðum) á tímabilinu frá desember og til loka maí.
- Að haugsetning efnis verði það fjarri ánni, eða standi það hátt í landinu, að áin nái ekki til geymslusvæðisins og geti ekki flutt efni með sér þaðan í flóðum.
- Að olíuvöru, olíutankar eða annað slíkt verði geymt fjarri ánni og að ekki sé unnið með vélum sem leka smurolíu, glussa, frostlegi eða öðrum mengandi efnum út í umhverfið.

Í lok þessarar umsagnar er rétt að fram komi að uppstokkun hefur orðið á stjórn Veiðifélags Svarfaðardalsár síðan að umsögn um malarnám í landi Grundar var skilað til Fiskistofu á síðasta ári. Einnig er rétt að komi fram að umsókn um malarnám í landi Grundar fékk aldrei efnislega umfjöllun í stjórn félagsins og vissi hluti þáverandi stjórnarmanna ekki einu sinni af henni.

Virðingarfyllst

Stjórn Veiðifélags Svarfaðardalsár



## Dalvíkurbyggð

Ráðhúsi  
620 Dalvík

### Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi fyrir efnistökusvæði við Grund, umsögn

Yðar tilvísun: 222/2024

Vegagerðin hefur farið yfir skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, efnisnáma í landi Grundar skv. tölvupósti dags. 28.2.2023.

Tenging námunnar við Svarfaðardalsveg (805) þarf að vera staðsett og útfærð í samráði við Vegagerðina. Um tenginguna mun fara nokkur umferð þungra bifreiða og því þarf samráð að vera um ofangreint vegna umferðaröryggis og álags á veg. Á þetta líka við ef notast er við tengingu sem er þegar til staðar.

Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Undirskrift

Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi  
620 Dalvík

Hafnarfjörður 13. mars 2024  
Tilv. 2024-02-28-0277

Efni: Varðar breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar

Fiskistofu barst í tölvupósti þann 28. febrúar sl. beiðni um að veita umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi sem Dalvíkurbyggð hefur nú í kynningarferli í Skipulagsgátt, mál nr. 0222/2024.

Fiskistofa bendir á að mikil ásókn hefur verið í efni úr áreyrum og farvegi Svarfaðardalsár, m.a. fyrir landi Grundar. Það er þó ekki eina svæðið sem efni hefur verið tekið úr eða við Svarfaðardalsá. Fiskistofa bendir því á að tilefni er til að gera heildstæða áætlun um efnistöku í Dalvíkurbyggð sem taki m.a. til Svarfaðardalsár og nágrenni hennar. Í því samhengi vill Fiskistofa sérstaklega benda á að bleikjustofnar hafa minnkað og rask í Svarfaðardalsá getur haft neikvæð áhrif á viðkomu bleikjunnar í ánni. Rétt væri að horfa til þess að efnistaka yrði gerð úr eyrum en að virkum farvegi árinna verði ekki raskað.

Fram kemur í skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi (bls. 2):  
“Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir efnistöku í Svarfaðardalsá í landi Grundar, sem er forsenda framkvæmdaleyfis.”

Fiskistofa bendir á að þó svo að skilgreint verði efnistökusvæði á aðalskipulagi þá kann slík efnistaka að háð leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Við leyfisveitingu Fiskistofu er einkum horft til mögulegra áhrifa á fiskstofna eða aðstöðu til veiði en einnig til þess hvort framkvæmdir/efnistaka samræmist lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Á Hafsjá má sjá hvar leyfi Fiskistofu eru í gildi m.a. vegna efnistöku úr og við Svarfaðardalsá:  
<https://atlas.lmi.is/mapview/?application=haf>

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



12. mars 2024

Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir  
Ráðhúsi  
620 Dalvík

## Efnisnáma í Landi Grundar í Svarfaðardal – umsögn um skipulagslýsingu

Þann 28. febrúar sl. óskaði Dalvíkurbyggð umsagnar skipulagslýsingu varðandi fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám í landi Grundar í Svarfaðardal (mál nr. 222/2024). Skipulagslýsingin sem hér er til umsagnar er unnin af Teikna, Teiknistofu arkitekta, dagsett í febrúar 2024.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting fellst í því að skilgreint verður 3,1 ha efnistökusvæði í farvegi Svarfaðardalsár í landi Grundar, þar sem heimilt verður að taka um það bil 20.000 m<sup>3</sup> af efni.

Fram kemur að afla skuli starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd áður en framkvæmdarleyfi verður veitt, en fyrirhuguð framkvæmd fellur undir tölulið 2.6. í viðauka X við reglugerð 550/2018 og er því háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Af hálfu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún er framsett.

f.h. heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík, 7. mars 2024

Tilvísun: 202402128 / 3.2

## Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna efnisnámu í landi Grundar, Svarfaðardal.

Dalvíkurbyggð hefur, með erindi dags. 28. febrúar 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. febrúar 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um efnistöku úr Svarfaðardalsá í Svarfaðardal á um 3,1 ha svæðis með um 20.000m<sup>3</sup> heildar efnistöku.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en stofnunin bendir á mikilvægi þess að eiga gott samráð við eigendur og ábúendur á aðliggjandi jörðum við mótun skipulagstillögunnar.

Einnig mætti skýra betur nýtingu jarðefnanna í forsendukafla greinargerðar.

Guðjón Erlendsson







Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir  
Dalvíkurbyggð

Akureyri, 4. mars 2024  
MÍ202403-0019/ 6.08 / S.G.

## Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám í landi Grundar, skipulagslýsing

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Dalvíkurbyggðar þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar í gegnum Skipulagsgátt. Þar var hægt að nálgast rafræn skipulagsgögn dagsett í febrúar 2024.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir efnistöku í Svarfaðardalsá í landi Grundar, sem er forsenda framkvæmdaleyfis. Fyrirhuguð náma er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem flatarmál hennar er meira en 2,5 ha.

Fornleifaskráning hefur verið gerð sjá Adolf Friðriksson og fl. 2000. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku* Fornleifastofnun Íslands ses FS116-99091. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu ef gefur engu að síður mjög góða mynd af fornleifum á svæðinu. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum reit.

Í skipulagslýsingunni segir að haft verði samráð við minjavörð áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út. Minjavörður mun þá fara í vettvangsferð á svæði og kanna hvort minjar sjáist á svæðinu. Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi, en svæðið verður kannað á vettvangi þegar snjóá leysir.

Virðingarfyllt,

Sædis Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra